

4. skólaráðsfundur fimmtudaginn 22. febrúar kl. 15:00

Mætt: Halldór Birgir Eydal fulltrúi nemenda, Sonja Dagsdóttir og Elfa Björk Jóhannsdóttir fulltrúar kennara, Svava Svavarsdóttir ritari, Hugrún Dögg Harðardóttir fulltrúi foreldra, Anna Bergrós Arnardóttir deildarstjóri, Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri og Marías Ben. Kristjánsson deildarstjóri sem ritar fundargerð.

1. Niðurstöður úr Skólapúls (Anna). Niðurstöður úr nemendakönnun 2 er komin og eru betri í flestum þáttum en síðustu kannanir, t.d. er tíðni eineltis vel undir landsmeðaltali. Umræða um þrautseigju í námi. Hvernig er hægt að auka hana í skólanum? Niðurstöðurnar verða settar inn á heimasíðu skólans fljótlega.
2. Skóladagatal. Ólöf fór yfir drög að skóladagatali 2018-2019. Í sumum skólum vilja kennarar seinka skólaþingi um einn dag til að ná fleiri skipulagsdögum fyrir skólabyrjun. Með því væru 5 skipulags dagar að hausti og 3 að voru. Annað sem rætt er um er vetrarfríð, hvort færa eigi vetrarfrí eftir ármót til. Einnig hvort öskudagur eigi að vera skipulagsdagur eða vetrarfrí. Umræða er um fyrirhugaða ferð starfsfólks Síðuskóla í námsferð eftir ármót 2019. Send var út spurningakönnun til starfsfólks um hvenær það vildi helst fara í ferðina. Eins og staðan er núna vilja flestir fara í kringum 1. maí 2019.
3. Niðurstöður samræmdra prófa í haust. Malli sýnir niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk og 7. bekk frá síðasta hausti. Birtar eru normaldreifðar einkunnir með landsmeðaltalið 30. Síðuskóli er yfir meðaltali í íslensku í 4. bekk undir í stærðfræði. Í 7. bekk er skólinn undir landsmeðaltali í báðum prófum. Á yfirstandandi skólaári á 9. bekkur eftir að taka próf. Nánari niðurstöður er hægt að sjá á heimasíðu skólans, undir skólinn => skólastarf => samræmd könnunarpróf. Rætt um samræmd próf og niðurstöður prófa síðastliðin ár, auk námsaðstoðar í bekkjum skólans í stærðfræði.

Önnur mál.

- a. Rætt um bílastæðið við Síðuskóla þ.e. breytingarnar á því eftir að grenndargámarnir voru færðir niður á bílastæði Krambúðarinnar.

Næsti ákveðinn 5. apríl kl. 15:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:56.

Fundargerð ritar Marías Ben. Kristjánsson